

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2015
R2015020013/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingasamning við Thorsil ehf. um kisilmálmverksmiðju í Helguvík í Reykjanesbæ - 420. mál, þskj. 628

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. febrúar 2015 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að staðfesta fjárfestingasamning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Thorsil ehf. sem undirritaður var í maí 2014. Samningurinn fylgdi sem fylgiskjal með frumvarpinu og fær lagagildi verði frumvarpið samþykkt.

Í 5. gr. samningsins er að finna sérreglur sem gilda munu um Thorsil ehf. verði frumvarpið lögfest. Meðal annars er þar kveðið á um að tekjuskattshlutfall skuli vera 15%, almennt tryggingagjald skuli vera 50% lægra en það sem kveðið er á um í lögum um tryggingagjald og að félagið geti valið að fyrna eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar.

Í umsögn ríkisskattstjóra dags. 27. október 2014 sem send var nefndasviði Alþingis í tilefni af frumvarpi til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi (11. mál, þskj. 11, 144. löggjafarþing) kemur eftirfarandi fram:

„Frumvarpið hefur að geyma sérreglur, þ. á m. um skattlagningu, fyrir fáa einstaka aðila. Almenn séð er slíkt fyrirkomulag óheppilegt enda rökréttara að í skattalögum sé fjallað með heildstæðum hætti um skattskylda aðila, skattstofna og skatthlutföll en ákvæði þess efnis séu ekki sett inn í meginmál ólíkra sérlaga sem eru svo úr takti við almenna skattframkvæmd. Margt bendir til að frumvarpið að þessu leyti gangi gegn almennum sjónarmiðum um samræmi í skattframkvæmd, þótt fyrir því séu færð rök í frumvarpinu.

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á að yfirferð framtala sé samræmd á landinu öllu. Til þess verks hefur verið tekinn í notkun hugbúnaður sem yfirfer framtöl að gefnum ákveðnum forsendum. Yfirferð skattframtala einstaklinga og lögaðila er þannig að miklu leyti vélræn sem tryggir samræmi í yfirferðinni. Allar sérreglur, svo ekki sé talað um sérreglur sem gilda eiga um fáa aðila, svo sem í frumvarpinu greinir, gera það að verkum að aukinn tími og kostnaður fer í yfirferð framtala umræddra aðila og dregur um leið úr samræmingu við yfirferð. “

Ennfremur kemur fram í áður nefndri umsögn að rýmri fyrningarreglur en lög um tekjuskatt mæla fyrir um séu ekki hagkvæm enda verði þá eignaskrá sem fylgja á framtali viðkomandi lögaðila ávallt röng eða að félög verði að sleppa því að skila eignaskrá til að koma fjárhæðum


fyrninga inn á skattframtal. Vélræn vinnsla framtala verði illmöguleg við núverandi aðstæður og að ekki svarar kostnaði að gera breytingar á hugbúnaði vegna takmarkaðs fjölda lögaðila sem nýta sérreglurnar. Þá benti ríkisskattstjóri á að ekki væri gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til stofnunarinnar hvorki til að gera nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum né vegna þeirrar auknu vinnu sem óhjákvæmileg leggst á starfsmenn ríkisskattstjóra við handvirka yfirferð framtala. Benti ríkisskattstjóri á að ef vilji stæði til að veita rýmri fyrningaheimildir en áskilið er í skattalögum væri eðlilegra að heimila rýmri fyrningarlutföll.

Hvað tryggingagjaldið varðar kemur eftirfarandi fram í tilvitnaðri umsögn:

„Núgildandi lög kveða á um að almennt tryggingagjald sé 5,9% sem er hið sama í staðgreiðslu og við álagningu opinberra gjalda. Álagningin er þannig á tryggingargjaldið óskipt. Í kjölfar álagningar er gjaldinu síðan skipt niður í almennt tryggingagjald, gjald til ábyrgðasjóðs launa o.s.frv. Umræddan afslátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður ekki unnt að veita nema því að taka álagninguna upp og handreikna afsláttinn og senda svo upplýsingarnar til Fjársýslu ríkisins sem leiðréttir fjárhæðir til innheimtu. Slík vinnubrögð eru óheppileg og kostnaðarsöm og skekkir tölulegan samanburð. Í reynd er verið að veita tiltekinn afslátt frá álögðum gjöldum, þ.e. að álagning opinberra gjalda komi ekki að fullu til innheimtu.“

Að síðustu bendir ríkisskattstjóri á að í samningnum er ekki að finna bann við því að það félag sem ívilnunar nýtur verði sameinað eða samskattað með dóttur- eða móðurfélögum sínum. Slíkt ákvæði er að mati ríkisskattstjóra nauðsynlegt að öðrum kosti er unnt að færa hagnað frá ótengdum rekstri yfir til þess félags sem ívilnunar nýtur.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir